um till. til þál. um kristfjárjarðir o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fengið umsögn félagsmálaráðuneytisins um tillöguna, og er bréf þess birt hér. Mælir nefndin með því, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „næsta Alþingi skýrslu um niðurstöðu þeirrar athugunar" komi: Alþingi skýrslu um niðurstöðu þeirrar athugunar svo fljótt sem verða má.

Alþingi, 17. apríl 1950.

Ingólfur Jónsson, form.	Jón Gíslason, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, frsm.
Stefán Stefánsson.	Finnur Jónsson.	Jón Sigurðsson.
	Magnús Kjartansson.	

Fylgiskjal.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 11. apríl 1950.

Ráðuneytið hefur tekið við bréfi háttvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 31. marz s. l., þar sem beiðzt er umsagnar ráðuneytisins um tillögu til þingsályktunar um kristfjárjarðir.

Ráðuneytið hefur kynnt sér umrædda þingsályktunartillögu (þskj. 417) og greinargerð hennar og telur, að rétt sé, að tillagan verði samþykkt og sú athugun látin fram fara, sem þar er ráðgerð. Ráðuneytið telur þó, að tæpast megi búast við því, að hægt verði að leggja viðhlítandi skýrslu um málið og rökstuddar tillögur fyrir Alþingi, fyrr en einhvern tíma á árinu 1951, því vafalaust verður það miklum erfiðleikum bundið að afla heimilda um jarðeignir þessar, og alkunnugt er, hve erfiðlega gengur að fá greið svör frá sveitarstjórnum, ef ætla má, að svör þessi skipti einhverju máli fyrir fjárhagsafkomu sveitarfélagsins. Þegar svo gögnum hefur verið safnað, er allmikið starf í því að vinna úr skýrslunum, svo glöggt yfirlit fáist, en fyrr en það hefur tekizt, er tilgangslítið að leggja málið á ný fyrir Alþingi. Af framansögðu teldi ráðuneytið rétt, að ekki yrði gert ráð fyrir heildarskýrslu um málið fyrr en síðari hluta árs 1951. Það getur heldur ekki skipt miklu máli, þótt heildarskýrsla dragist til þess tíma, ef hún þá gæti verið það ýtarleg, að á henni mætti byggja löggjöf um þessi málefni.

F. h. r.
Jónas Guðmundsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.